

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1451
komudagur 20.4.2005



**VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2005.

Efni: Frv. til I. um br. ýmissa lagaákvæða um áfengissölu (241. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð hefur um árabíl fært rök fyrir nauðsyn þess að huga að breytingum á fyrirkomulagi áfengissölu hér á landi. Með ofangreindu frumvarpi yrði vissulega stigið skref í rétta átt að mati ráðsins þótt Verslunarráð telji að fara megi einfaldari leiðir í þessum efnum. Þannig hefur verið það skoðun Verslunarráðs í áratugi að ekkert mæli með einkaleyfi ríkisins til smásölu áfengis. Á það jafnt við um sölu á svokölluðu sterku áfengi og léttvíni. Flutningsmenn ofangreinds frumvarps kjósa að fara einhvers konar milliveg milli sjónarmiða Verslunarráðs og sjónarmiða þeirra sem kjósa alræði ríkisins í þessum efnum. Verslunarráð getur fallist á slíka málamiðlun. Ráðið telur þó að betur fari á því að 6. gr. frumvarpsins falli brott.

Verslunarráð fagnar framkomnu frumvarpi og hvetur til þess að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður A. Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is